

Athvörf kvennanna og eynd atvinnumennskunnar – birtist í Vísi 24. feb. 2020

"Ofbeldi hefur áhrif á líf milljóna kvenna um allan heim óháð menningu og þjóðfélagshópi og er ein versta birtingarmynd ójafnrar stöðu kynjanna. Talið er að ein af hverjum þremur konum verði fyrir alvarlegu ofbeldi einhvern tímann á lífsleiðinni. ... Kynbundið ofbeldi tekur á sig margvíslegar myndir allt frá heimilisofbeldi og nauðgun til kynfæralímlestinga og nauðungarhónabanda. Nýleg rannsókn Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar sýnir þó að heimilisofbeldi er stærsta ógnin við líf og heilsu kvenna og alvarlegt heilbrigðisvandamál um allan heim.... Um helmingur þeirra kvenna sem þolað hafa ofbeldi af hendi maka sinna hafa fengið alvarlega líkamlega áverka og konur sem einhvern tímann hafa orðið fyrir ofbeldi af hendi maka eru tvisvar sinnum líklegri en aðrar konur til að þjást af andlegu og líkamlegu heilsuleysi.“ Svo ritar Guðrún Dögg Guðmundsdóttir árið 2005, þáverandi forstýra Mannréttindaskrifstofu Íslands (nú útsendari sveitarfélaganna í Brussel.) Höfundur er keikur kvenfrelsi.

Alhæfingar, algildingar og staðhæfingar ýmist á grundvelli hugaróra eða vísitandi skrumstælingar rannsóknaniðurstaða – stundum fölsunar þeirra - eða eigin kvenfrelsunarrannsókna og samantekta úr ársskýrslum kvenfrelsunarstofnanna á borð við Stígamót og Kvennaathvarf, eru undirstaðan að einhliða áróðri fyrir nauðsyn þess, að íslenskir skattgreiðendur pungi út til að bæta eynd kvenna. Karlar eru vitaskuld ævinlega sökudólgarnir. Öðruvísi er sjaldan á þá minnst.

Drífa Snædal, núverandi forsæta ASÍ, áður forstýra Kvennaathvarfsins, og háttskrifaður hugmyndafræðingur Vinstri-Grænna um kvenfrelsun, er líka kynngimagnaður kvenfrelsi. Á sama ári og kvenfrelsunarsystir hennar ofangreind leiddi okkur í sannleikann um karlillskuna um víða veröld, staðhæfði Drífa – jafn áhugasöm um mannréttindi og systirin í trúnni: "Að vera laus við ofbeldi hljóta að vera mannréttindi..." Og það fer varla á milli mála, hverjir séu þrjótarnir: "Það er alveg horft framhjá því að 95% þeirra sem beita heimilisofbeldi eru karlar og 95% sem verða fyrir því eru konur."

Drífa tekur enn djúpt í árinni: „Hér á landi eru þúsundir kvenna og barna sem hræðast hversdaginn. Þau eru ekki örugg heima hjá sér, finna fyrir daglegum ótta, vanmætti og niðurlægingu. ... Ástæðan er kynbundið ofbeldi [þ.e. ofbeldi karla] sem þrífst í skjóli þagnarinnar, ...“

Drífa fer enn á kvenfrelsunarkostum: „Kynbundið ofbeldi er ofbeldi sem karlar beita konur og staðfestir aldagamalt valdamisvægi kynjanna. ... Þannig hefur sameiginlega forsjáin [yfir börnum] gefið ofbeldismönnum enn eitt tæki í hendurnar til að stjórna lífi kvenna og barna, en yfirleitt eru þau stjórnþæki sem tiltæk eru, notuð til að halda valdayfirráðum. Kynbundið ofbeldi er svo umfangsmikið vandamál að fullkomlega óábyrgt er að líta fram hjá því við lagasetningu eins og varðandi sameiginlega forsjá. ... Að líta fram hjá ofbeldi karls gegn konu inni á heimilinu er því að líta fram hjá ofbeldi gegn börnum. ... Eins og frumvarpið lítur út í dag er gert ráð fyrir því að foreldrarinn séu tveir einstaklingar sem búa við jafnrétti sín á milli og hafi hag barnsins að leiðarljósi. Algerlega er litið fram hjá félagslegu valdamisræmi milli kynjanna eða því að um ofbeldi geti verið að ræða. ... Ástæða þess að konur samþykkja sameiginlega forsjá þó það sé andstætt hagsmunum barnsins og/eða konunnar getur líka verið undirliggjandi hótun eða ógnun.“

Boðskapur Drífu er í samhljómi við stefnuskrá VG og öfgakvenfrelsara um allan hinn vestræna heim. Samkvæmt hugtaki þeirra um „feðraveldið“ margumrædda felst böll kvenna í

ofbeldi karla á öllum sviðum, þó einkum inni á heimilunum, þar sem þeir kúga bæði konur og börn. Faðir er í sjálfum sér skaðvaldur barna sinna.

Það hefur ekki staðið á Alþingi og stjórnvöldum að bregðast við í anda þessa málflutnings. Á þeim vettvangi hafa kvenfrelsarar með VG í broddi fylkingar unnið hvern „stórsigurinn“ á fætur öðrum. T.d. hefur nýlega verið lögleiddur fleirþjóðlegur samningur þess efnis að líta beri á konur sem fórnarlömb karla. Dómarar verða því augljóslega að túlka íslensk lög í því ljósi. Stjórnvöld hafa gripið áróðurinn á lofti og staðfest í umfangsmiklum aðgerðaáætlunum gegn körlum, feðrum.

Undir samstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks starfaði á árinu 2003 ein á mörgum svokölluðum „jafnréttisnefndum,“ sem skipaðar hafa verið af íslenskum stjórnvöldum (í tíð Árna Magnússonar, félagsmálaráðherra). Hún hafði þann starfa að úthugsa aðgerðir til að stemma stigu við ofbeldi karla gegn konum eins og hver nefndin á fætur annarri síðan. Tillögur voru t.d. þær að fræða starfsfólk dómstóla, saksóknara og löggæslu um ofbeldi af hálfu karla. Þar að auki skyldi markvisst fjölga konum í starfsstéttum, sem koma að slíkum ofbeldismálum, enda þótt konur væru þar í miklum meirihluta. Það var þó ekki bundið í kvóta eins og tíðkast, þegar auka þarf veg kvenna í þjóðlífinu.

Snemma árs 2009 komst til valda ríkisstjórn VG og Samfylkingarinnar. Í skýrslu velferðarráðuneytis árið 2013 gefur eftirfarandi að lesa: „Markmið áætlunar ríkisstjórnarinnar um aðgerðir gegn ofbeldi karla gegn konum í nánnum samböndum miða að því að fyrirbyggja ofbeldi gegn konum, styrkja úrræði fyrir konur sem beittar eru ofbeldi og vinna að verndun barna sem verða vitni að ofbeldi. Þá er þess sérstaklega getið í markmiðum að unnið skuli að úrræðum fyrir karla sem vilja hætta að beita ofbeldi.“ Hvergi er getið um „viðgerðir“ á konum, sem beita slíku ofbeldi u.þ.b. til jafns við karla.

Ríflegir styrkir til Kvennaathvarfs og Stígmóta eru meðal aðgerða stjórnvalda ríkis og Reykjavíkurborgar og í samræmi við stefnuskrá VG, þar sem stendur m.a.: „Standa skal myndarlega við bakið á þeim grasrótarsamtökum sem hafa borið hitann og þungann af ráðgjöf og þjónustu við þolendur [konur]. Sömuleiðis þarf að tryggja meðferðarúrræði fyrir ofbeldismenn [ofbeldiskarla].“ Það þarf varla að taka fram, að rausn VG er sótt í vasa skattgreiðenda.

Ofanefndar áætlanir eru byggðar á kunnáttuleysi og/eða fordómum og/eða vinsældaöflun og/eða ofstæki. Fyrir liggur mýgrútur rannsókna, sem stjórnmalamenn, vilji þeir á annað borð grundvallar stjórnvaldsaðgerðir á upplýsingu og staðreyndum, gætu kynnt sér. Ég læt mér að sinni nægja að nefna eina þeirra frá nágrönnum okkar, Norðmönnum, sem oft vanda til verka. „Það vekur athygli, að þar sem um er að ræða ofbeldi meðal fullorðinna í fjölskyldunni, telja margir viðmælenda [mæðranna] sig [hvort tveggja] aðalofbeldismann og upphafsmann ofbeldisins.“ (Skýrsla 4/2014 um rannsóknir á ofbeldi mæðra gegn börnum frá „Nasjonalt kunnskapscenter for vold og traumatisk stress,“ 4/2014) Þessi niðurstaða endurómar reynsluna frá fyrsta kvennaathvarfi okkar tíma í Lundúnum.

Þrátt fyrir, að staðreyndir tali öðru máli, eru karlar venjulega dregnir til ábyrgðar fyrir heimiliserjur. Til að mynda var í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingarinnar og Vinstri grænna frá maí 2009 kveðið á um, að ríkisstjórnin muni grípa til aðgerða til að útrýma ofbeldi karla gegn konum, m.a. með því að lögfesta austurrísku leiðina 10. júní 2011. Þess má geta, Austurríkismenn eru sérlega kappsamir kvenfrelsarar. T.d. átti sér stað árið 2007

fjölmiðlaherferð þar í landi undir herhvötinni „Heittelskuð, heitbundin, höggvin“ (verliebt, verlobt, verprügelt).

Í fyrrnefndu lagaákvæði felst að fangelsa megí ofbeldismann á heimili umsvifalaust, að beiðni konu í sjálfskilgreindri neyð. Lögregluembætti landsins hafa þrúfaldlega beitt ákvæðinu til að grípa inn í heimiliserjur. Það kemur ekki á óvart. Það var nefnilega ein aðgerða stjórnvalda, að innræta m.a.lögreglunni og félagsþjónustunni áróður kvenfrelsaranna. Löggjöf og framkvæmd eru, að sögn stjórnvalda, til að stuðla að jafnrétti. Í umdæmi lögreglustjórans á Reykjanesi hefur þessu ákvæði einungis verið beitt gegn körlum á ákveðnu tímabili. VG hefur nú á þróunum að gera kvenfrelsunaráróðurinn að námsgrein í skólum landsins.

Ósvinna, misrétti og virðingarleysi við hlutaðeigandi börn á sér stað í vitundarbrenslaðri samvinnu lögreglu, félagsmálayfirvalda (barnverndarnefnda, Barnaverndarstofu) og Kvennaathvarfs. Samkvæmt rannsókn Anni G. Haugen (2009) fyrir Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd á viðbrögðum félagsþjónustu og barnaverndar við ofbeldi gegn konum, gegnir Kvennaathvarfið lykilhlutverki, hvað varðar samstarf við stofnanir innan félagsþjónustu, en þær fara með mál kvenna, sem búa við ofbeldi á heimilum sínum og barna þeirra. Fram kemur að mikið traust er borið til starfsemi athvarfsins af hálfu félagsþjónustunnar. (Bergdís Ýr Guðmundsdóttir) Þess má og geta, að Kvennaathvarfið hefur verið verðlaunað af Reykjavíkurborg fyrir jafnréttisstarf.

Beinum sjónum aftur í austur. „Árið 2009 voru birtar niðurstöður norskrar rannsóknar sem náði til allra þarlandra kvennaathvarfa. Rannsóknin skiptist í tvo hluta, megindeilan spurningalista til stjórnenda 50 kvennaathvarfa í landinu (alls eru þau 51) og eigindleg viðtöl við 22 börn á aldrinum 4-17 ára sem höfðu dvalið í slíku athvarfi. [Feður barnanna hafa greinilega ekki verið virtir viðlits.] Helstu niðurstöður rannsóknarinnar voru að börnum fannst staða þeirra oft vera ruglingsleg, þau skorti upplýsingar ... [Á]herslan á að halda staðsetningu athvarfsins leyndri flækti líf sumra, þau þurftu sum hver að ljúga og skipuleggja sögu sína vel til þess að koma ekki upp um staðsetninguna. Í nokkrum tilfellum leiddi það til þess að barnið einangraði sig frá lífinu utan athvarfsins. Þátttakendur kvörtuðu yfir því að hafa ekki fengið mikilvægar upplýsingar um dvöl sína, svo sem hvar þau voru, hver væri ástæða dvalar þeirra og hvað tæki við er dvöl í kvennaathvarfinu lyki.“ ... „Togstreita í tryggð barns við móður er algeng þegar barn sem fylgir móður úr ofbeldisfullu sambandi saknar föður síns eða langar til þess að viðhalda samskiptum við hann.“ (Bergdís Ýr Guðmundsdóttir)

Aðdáun barnaverndaryfirvalda á Kvennaathvarfinu er einskær: „Í einstaka tilvikum hafa konur leitað í Kvennaathvarfið eftir að barnaverndaryfirvöld hafa skikkað þær til að slíta sambúð við ofbeldismann vegna ólíðandi ástands heima fyrir. Þar sem þær hafa ekki haft í önnur hús að venda upplifa þær sig stundum þvingaðar til dvalar í Athvarfinu. Í dagbókarfærslum má finna 26 mál þar sem afskipti Barnaverndar eru skráð, eða 20%.“ (Anni Haugen og Bergdís Ýr Guðmundsdóttir)

Það er víðar en í Noregi að reynt er að skyggast bak við tjöldin í kvennaathvörfunum. Gerhard Amendt er prófessor við háskólann í Bremen í Þýskalandi. Hann hefur um langt árabíl stundað rannsóknir á kynferði og samskiptum kynjanna. Skilnaður og þáttur kvennaathvarfa við úrlausn þeirra hefur komið þar í brennidepil. Honum segist svo frá: „Rannsókn okkar [rannsóknarhópsins] á skilnuðum í Bremen leiddi í ljós, að ofbeldi átti sér stað í [tæpum] þriðjungi tilvika allra skilnaða. Átján hundruð karlar greindu frá líkamlegu eða sálrænu ofbeldi af hálfu maka. Þetta er mun hærra hlutfall, heldur en við venjulegt dagfar, um það bil tíu af hundruði. Í þeim skilnuðum, þar sem um ofbeldi var að ræða, áttu fyrrverandi

eiginkonur eða unnustur upptök að ofbeldinu. Rannsóknir sviptu hulunni af ofbeldi kvenna, sem einnig fremja ofbeldi við aðstæður í lífi fullorðinna, þar sem misklíð ríkir. Það er einungis frá sjónarhóli kvennaathvarfa, að karlar eru [einvörðungu] að ofbeldinu valdir. Í stað þess að stuðla að lausn ágreinings við skilnað, hella kvennaathvörfin í raun olíu á eldinn.“

Aukin heldur: „[T]alsmenn kvennaathvarfanna reyna að beita fordómum í því skyni af hafa að engu rétt barns til beggja foreldra.“ ... „Meðan vísindin leitast við að leysa ágreining, hrósa kvennaathvörfin stjórnmalalegum sigri í ljósi fjandskapar gegn körlum.“ ... „Kvennaathvörfin eru heimur án lífsgleði. Og viðleitni til að jafna ágreining í sambandinu hefur verið umsnúð í hugarvél um tilvistina og jafnvel sjálfshatur. En karlfæð gæti [sem sagt] vísað [umræddum konum] veg.“

„Formælendur kvennaathvarfanna láta sér í léttu rúmi liggja ákúrir þess efnis, að farið sé á skjön við siðferði atvinnumenskunnar, því atvinnumennska er fráleitt þeirra ær og kýr. Þvert á móti nefna þeir sig „skæruliða,“ sjálfsálitinu uppmálaðir. Það endurspeglar viðhorf til kvenna sem fórnarlamba ógnvekjandi karlavalds og almennings, ... Atvinnumenskusiðferðið hefur gagnert vikið fyrir stjórnmalalegum ásetningi. Slíkt gefur þeim [starfsmönnum, formælendum] sjálfsástarstuð og tilfinningu siðferðilegrar upphafningar yfir aðra í veröldinni. Það er góð blanda sjálfsupphafningar og sjálfsfórnar ...“

„Flestir [starfsmanna kvennaathvarfanna] láta sem vind um eyru þjóta [þá staðreynd], að þegar upp er staðið er ekkert gagn í ráðgjöfinni til skjólstaðinganna, sem á náðir þeirra leita, vegna þess, að gagnsleysið er útskýrt sem þvermóðska kvennanna gegn stjórnmalalegu innsæi [ráðgjafanna]. Trúboð (mission) þeirra veitir stærrí sjálfsástarfullnægju, heldur en það óárennilega og torsóttá verkefni að starfa með ofbeldisfjölskyldum, sem beita líkamstjáníngu í stað orða daglegs máls og hafa að öðru leyti ekkert við hvert annað að segja.“ Boðskapurinn er, að „... konum séu allar þjargir bannaðar og karlar drottí. Þannig viðhalda kvennaathvörfin slitnu talsambandi makanna. Fyrirætlanin er stjórnmalalegs eðlis.“

Ég tek að lokum heilshugar undir heiðræði Gerhards: „Ráðgjöf og lækning verður að vera ómenguð stjórnmalalegri hugmyndafræði, sem einungis á heima í ólýðræðislegum samfélögum.“

Höfundur er ellilífeyrisþegi. Ónafngreindar þýðingar eru hans.